

## ***Þróun nýskapandi byggða í Evrópu***

[www.fiereproject.eu](http://www.fiereproject.eu)

**Grundtvig Multilateral LLP**

Ref. n. 540477-LLP-1-2013-1-IE-Grundtvig-GMP



---

### **FIERE Skýrsla (Hluti 6.6)**

Vinnupakki 6 Miðlun

Desember 2015

---

Ritstjórn: CESIE (P3)

[www.cesie.org](http://www.cesie.org)

This document reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

This project, and this document, has been funded with support from the European Commission.



## **Lokaskýrsla FIERE verkefnisins – Samantekt**

Þessi skýrsla er stutt samantekt á niðurstöðum og afurðum FIERE verkefnisins sem stóð yfir í tvö ár. Settar eru fram niðurstöður greiningarvinnu, niðurstöður spurningakönnunar meðal stjórnenda og starfsmanna stofnana, fyrirtækja og félaga sem koma að samfélags- og byggðapróun, þar sem lagt var mat á viðhorf þeirra til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs.

Skýrslan lýsir þróun á vinnustofum eða námskeiðum um nýsköpunarvirkni, eðal afurða verkefnisins eru handbók námsmanna og leiðbeinenda. Finna má samantek um tilraunakennslu á vinnustofunum fyrir bæði almenna þátttakendur og leiðbeinendur eða *mentors*.

## **Markmið verkefnisins**

FIERE verkefnið var til tveggja ára, hófst í janúar 2014 og lauk í desember 2015, var fjármagnað af Evrópusambandinu Grundtvig LLP áætluninni, en ætlunin var að kanna og þróa aðferðir til að auka nýsköpunarvirkni hjá stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum sem vinna að samfélags- og byggðapróun, bæði opinberum aðilum og sjálfboðaliðasamtökum.

Markmið FIERE voru:

- Auka færni skipulagsheilda til að stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðapróun, með því að stuðla að aukinni nýsköpunarvirkni innan þeirra;
- Að efla færni til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í stofnanaumhverfi samfélags- og byggðapróunar;
- Auk auka færni skipulagsheilda sem koma að samfélags- og byggðapróun til að efla samstarf fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka til að geta betur tekist á við áskoranir tengdar, atvinnulífi, efnahag, loftslagsbreytingum o.s.frv.

## **Niðurstöður og helstu verkefni**

Megin niðurstöður verkefnisins voru:

1. Þróun á evrópskri þjálfun eða vinnustofum í nýsköpunarvirkni fyrir fullorðna;
2. *Case studies* eða dæmisögur frá Evrópu um nýsköpunarvirkni og breytingaferla;
3. Þróun samstarfshættu mentora eða leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu;
4. Tilraunakennsla á vinnustofum fyrir einstaklinga tengdum stofnunum, fyrirtækjum og félögum sem vinna að svæða- og byggðapróun.

Að þessum niðurstöðum var unnið í 7 eftirfarandi vinnupökkum (VP):

**VP1 Verkefnastjórnun:** Markmiðið að tryggja vandaða og skilvirka stjórnun á verkefninu. Fyrsti fundur verkefnisins var haldin 6. febrúar 2014 í Kilkenny, Írlandi. Á fundinum var farið yfir verkþætti, fjárhag, samskipti, miðlun og kynningarstarf. Ítarleg vinnuáætlun var sett fram og samþykkt, þar sem skilgreindir voru skilafrestir, verkþættir, fjárhagsáætlun og skýrsluskil, samskipta- og kynningaráætlun. Stýrihópur samstarfsaðilar fundaði reglulega á framkvæmdatímanum til að fara yfir stöðu verkefnisins og ræða framkvæmd þess: 19. og 20. júní 2014 í Palermo (Ítalíu), 12. og 13. febrúar 2015 í Sofíu (Búlgaríu), 18. og 19. júní 2015 í Reykjavík (Íslandi). Síðasti fundur stýrihóps var haldinn samhliða lokaráðstefnu FIERE verkefnisins sem haldin var í Cashle (Írlandi) 12. nóvember 2015.

**VP2 Þarfagreining:** Teknar voru saman helstu kenningar og rannsóknir varðandi nýsköpunarvirkni og samfélagsþróun til að undirbyggja þarfagreiningu/spurningakönnun meðal stjórnenda, starfsmanna og einstaklinga innan stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sem koma að byggða- og samfélagsþróun þar sem metin var fræðsluþörf tengd nýsköpunarvirkni. Spurningakönnunin var prófuð á litlum hópi til að byrja með en í kjölfarið þróuð og aðlöguð og lögð fyrir stærri hóp. Niðurstöðurnar voru settar fram í 6 landsskýrslum auk þess sem niðurstöður voru teknar saman í eina skýrslu þar sem m.a. var settur fram samanburður á niðurstöðum eftir efnisflokkum og löndum. Meðal 450 svarenda frá 223 skipulagsheildum þá voru, útsjónarsemi, seigla og greinandi hugsun mikilvægustu færniþættir fyrir starfsmena sem og fyrir starfsmenn, auk þess að vera sú færni sem mikilvægast væri að þjálfar frekar. Ennfremur, þvert á landsvæði eða atvinnugreinar, var talið mikilvægt að bjóða upp á þjálfun í nýsköpunarvirkni. Greininguna í heild sinni má finna á eftirfarandi slóð: <http://fiereproject.eu/index.php/reports/>.

**VP3 Þróun á þjálfun/vinnustofum í nýsköpunarvirkni:** Samstarfsaðilar FIERE þróuðu þjálfun og vinnustofur fyrir fullorðna sem endurspegluðu niðurstöður þarfagreiningarinnar. Skilgreindar voru þrjár vinnustofur (modules) sem grunnur að þjálfun í:

- 1) Sköpun og Nýsköpun;
- 2) Greinandi hugsun og útsjónarsemi sem leið til að greina og svara þörfum viðskiptavina og samfélagsins;
- 3) Leiðtogafærni og seigla, til að stuðla að nýsköpun og bættri þjónustu.

Handbók fyrir leiðbeinendur og námsmenn, þar sem m.a. mátti finna samantekt úr “Case studies” á vegum FIERE verkefnisins, var gefin út. Byggt var upp samstarfsnet leiðbeinenda eða mentora í þátttökulöndunum. Í Handbók leiðbeinenda má finna kennsluleiðbeiningar, verklegar æfingar, matsspurningar til leiðbeinenda á framkvæmdina FIERE vinnustofanna með það að markmið að halda áfram að þróa þær og aðlaga að ólíkum hópum. Í handbók námsmanna má finna námsefni, hagnýt ráð og æfingar auk matsspurninga til þátttakenda um þá færniþætti sem unnið var með og árangur af vinnustofunum, endurgjöf sem síðan verður notuð til að þróa vinnustofurnar áfram.

**VP4 Case studies eða dæmisögur:** Markmið VP4 var að undirbúa og miðla reynslu af verkefnum eða dæmum frá skipulagsheildum um nýsköpunarvirkni í samfélags- og byggðaþróun. Unnin var greining eða “case study” um valin verkefni sem þóttu lýsandi fyrir nýsköpun og aðra áherslur FIERE – WP6 – FIERE Report

FIERE *Furthering Innovative Entrepreneurial Regions in Europe*

Project n. 540477-LLP-1-2013-1-IE-Grundtvig-GMP

FIERE verkefnisins í þáttökulöndunum 6. Skipulag, markmið og aðferðir við greininguna voru skilgreind sameiginlega og útbúið sérstakt skipulag (form) fyrir greiningarvinnuna. Finna má einstök dæmi og samanburð á þeim í heildarskýrslu um Case studies á [vefsíðu verkefnisins](#). Útdráttir úr Case studies má jafnframt finna í náms- og kennsluefni verkefnisins.

**VP5 Tilraunakennsla:** FIERE vinnustofurnar voru tilraunakenndar í öllum þáttökulöndunum til að þróa og aðlaga kennslu og námsefni að ólíkum hópum. Með vinnustofunum gafst samstarfsaðilum kostur á að prófa nýjungar í kennsluaðferðum og nýtingu á námsefninu gagnvart ólíkum markhópum verkefnisins, stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum sem vinna að samfélags- og byggðaðþróun. Alls hafa 362 þátttakendur tekið þátt í FIERE vinnustofunum og góð dreifing var á þátttakendum eftir atvinnugreinum og samfélagshópum.

**VP 6 Miðlun og kynningarstarf:** Eitt af markmiðum FIERE verkefnisins var að miðla niðurstöðum verkefnisins til hagsmunaðila og yfirvalda til að stuðla að þróun og bættu framboði á þjálfun í nýsköpunarvirkni í þáttökulöndunum og Evrópu. Kynningaráætlun með áherslu á samfélagsmiðla var sett fram, fjöldi viðburða, útgáfa og kynninga var hrint í framkvæmd, samanber vefsíða FIERE verkefnisins [www.fiereproject.eu](http://www.fiereproject.eu); FIERE Facebook síða <https://www.facebook.com/fiereproject>, Twitter aðgangur <https://twitter.com/fiereproject>, kynningarbæklingur, fjögur fréttabréf, fréttatilkynningar, kynningarfundir í aðdraganda vinnustofa og alþjóðleg lokaráðstefna um nýsköpunarvirkni í samfélags- og byggðþróun í nóvember 2015 í Írlandi.

**VP 7 Mat og gæðastjórnun:** Í upphafi verkefnisins var sett fram áætlun um gæðastjórnun og gæðaviðmið í verkefninu. Áætlunin hefur tryggt gæði niðurstaðna og verkferla. Utanaðkomandi sérfræðingar voru fengnir til að meta verkefnið. Samstarfsaðilar settu fram spurningalista sem þeir sjálfir svöruðu til að meta framgang verkefnisins. Leitað var eftir mati þátttakenda í vinnustofum í fjölbreyttu námsmati. Af skýrslu matsaðila má sjá að samstarfsaðilar hafa tekið virkan þátt í verkefninu og tekist á við tafir og aðrar áskoranir sem urðu á vegi þeirra. Jafnframt sýna niðurstöður matsins að almenn ánægja var meðal þátttakenda á FIERE vinnustofunum, bæði með námsefni og kennslu.

## Lykilniðurstöður og afurðir verkefnisins

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir meginafurðir verkefnisins sem má nálgast og hlaða niður á vefsíðu verkefnisins [www.fiereproject.eu](http://www.fiereproject.eu):

Extract of published deliverables on FIERE's website	Language
Samantek og kenningar um nýsköpunarvirkni (Literature Review)	EN + samantektir á BG/PT/IS/IT/EL
Heildarskýrsla og landsskýrslur um niðurstöður þarfagreiningar varðandi færniþætti nýsköpunar.	EN + samantektir á BG/PT/IS/IT/EL
Handbók námsmanna	EN/BG/PT/IS/IT/EL
Handbók leiðbeinenda	EN/BG/PT/IS/IT/EL
Dæmisögur "Case Studies" um nýsköpunarvirkni í samfélags- og byggðapróun	EN samantektir á BG/PT/IS/IT/EL

## Áhrif verkefnisins

Verkefnið hefur náð til fjölda markhópa og hagsmunaaðila á síðustu tveimur árum. Sem dæmi má nefna 450 svarendur þarfagreiningar (VP2) frá 223 skipulagsheildum í 6 þáttökulöndum. Svarendur voru m.a.: yfirstjórnendur, embættismenn, stjórnálmenn, aðrir stefnumótandi aðilar, sjálfbóðaliðar og fulltrúar fyrirtækja sem koma að samfélags- og byggðapróun.

Auk þess hefur upplýsingum um verkefnið verið miðlað til hagsmunaaðila í gegnum aðra miðla og leiðir (sbr. VP7), en alls hefur verkefnið náð til um 143.898 hagsmunaaðila í Evrópu á aðeins einu ári.<sup>1</sup> Fyrirgreindir hagsmunaaðilar eru: háskólar, fræðsluaðilar, kennarar, frumkvöðlar, sveitarfélög, fyrirtæki, einstaklingar og opinberar stofnanir.

Tilraunakennsla (VP5) og viðburðir henni tengdir náðu til fjölda hagsmunaaðila innan fullorðinsfræðslunnar. Í samstarfslöndunum sex hafa alls 362 manns tekið þátt í vinnustofunum og eft færni sína er kemur að; sköpunarkraft og nýsköpun, greinandi hugsun og útsjónarsemi, leiðtogahæfni og seiglu.

Sett var á laggirnar samstarfsnet mentora eða leiðbeinenda í þáttökulöndunum sem mun vinna áfram að því að þróa vinnustofurnar eftir að verkefninu lýkur.

Byggt á niðurstöðum og afurðum verkefnisins geta stofnanir, fyrirtæki og félög sem starfa að samfélags- og byggðapróun þjálfað og eftl nýsköpunarvirkni í sínu starfi.

<sup>1</sup> Sjá FIERE, 1. Dissemination Report, bls. 40.

### **Hugmyndir um sjálfbærni verkefnisins og þróun**

Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa áhuga á að auka nýsköpun í samfélags- og byggðþróun. Niðurstöður FIERE verkefnisins eru lóð á vogarskálarnar í þessu samhengi. Markmiðið var að efla færni til nýsköpunar meðal markhópa og gera þeim betur kleift að stuðla að aukinni nýsköpun til hagsbóta fyrir samfélagið. Með því að bjóða upp á þjálfun í nýsköpunarvirkni til stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sem starfa að samfélags- og byggðaðróun, var stuðlað að nýsköpun og samfélagsþróun frá grasrótinni (bottom-up) og með því stuðlað að aukinni samkeppnisfærni þeirra byggða, samfélaga og hópa sem tóku þátt. Verkefnið getur einnig stutt og aukið færni hagsmunaaðila til að móta stefnu (top-down) um samfélags- og byggðaðróun.

Niðurstöður FIERE verkefnisins geta einnig haft gildi og verið leið til að samþætta og auka samstarf milli ólíkra hagsmunaaðila er koma að samfélags- og byggðaðróun.

Samstarfsaðilar FIERE verkefnisins munu nýta niðurstöður verkefnisins í starfi í sínum framtíðinni. Þeir munu áfram miðla niðurstöðum verkefnisins til samstarfsaðila og samfélagsins. Þá munu samstarfsaðilar nýta sér samstarfsnet mentora eða leiðbeinenda í þátttökulöndunum til að kynna og þróa áfram þjálfun í nýsköpunarvirkni. Að lokum verður hægt að hlaða niður niðurstöðum verkefnisins og náms- og kennsluefni á heimasíðu þess.